

## Vigdís Finnbogadóttir gerð að heiðursdoktor

15. apríl 2010

Ávarpsorð. +

Það eru tvær ástæður mikilvægastar fyrir því að af Menntavísindasviði HÍ eru flutt rök fyrir veitingu heiðursnafnbótar til handa Vigdísí Finnbogadóttur frá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði.

Í fyrsta lagi viljum við votta virðingu okkar þá ríku alúð sem Vigdís hefur lagt við menntun, sem kennari í Menntaskólunum í Reykjavík og við Hamrahlíð, og í sjónvarpi, sem leikhússtjóri en umfram allt sem forseti Íslands, bæði í starfi og allar götur síðan.

Vigdís segir kennslu hafa verið meðal þess alskemmtilegasta sem hún hafi gert og það speglast svo sannarlega í frásögnum nemenda hennar, í viðmóti hennar gagnvart fólki, í inntaki ávarpa hennar til þjóðarinnar og í áhugamálum hennar. Skilningur Vigdísar á gildi menntunar, á mikilvægi skóla frá leikskóla til háskóla, og fræðslu fullorðinna, skilningur hennar á því hve starf kennara getur skipt sköpum og einlæg virðing fyrir verkefnum þeirra, varð svo sannarlega áhrifamikil hvatning til okkar allra sem gegna kennslustörfum, til þess að bera höfuðið hátt og brýning um að leggja okkur fram.

Á Menntavísindasviði teljum við að Vigdís Finnbogadóttir hafi með orðum sínum og gjörðum, í krafti persónu sinnar og embættis sem forseti, boðið menntun þann virðulega sess sem henni ber, — orð hennar og athafnir skiptu okkur, og skipta enn, miklu máli.

Frá upphafi kennslustarfs síns virðist henni hafa tekist að flétta saman, fræðslu og menntun en einnig að feta hinn vandrataða meðalveg á milli þess að sýna nemendum sínum, eða

viðmælendum, tillitssemi og alúð, og jafnframt þá festu og reisn sem virðing fyrir viðfangsefninu krefst. Þetta þýðir m.a. að hún hafi í starfi sínu og viðhorfum ræktað það viðhorf að það að mennta sig sé af menningarlegum toga; það feli í sér að gangast á hönd krefjandi menningu.

Hin ástæðan fyrir því að frá Menntavísindasviði, sem hluta af HÍ, eru flutt rök fyrir doktorsnafnbótinni felst í staðfestingu okkar á því hve þau gildi sem Vigdís hefur lagt til grundvallar allrar sinnar orðræðu og athafna, koma vel heim við þau gildi sem Menntavísindasviði hefur einmitt verið falið að miðla og rækta með ungu fólki.

Vigdís telur að úr barnaskóla hafi hún fengið í dýrmætt veganesti, virðingu fyrir öðru fólki, skoðanafrelsi, en einnig sjálfsmat og sjálfsvirðingu. Djúpstæð virðing fyrir lýðræði, í sinni bestu merkingu, fyrir jafnrétti, fyrir heiðarleika og hreinskiptni, fyrir frumkvæði og skapandi listrænu starfi einkenna bæði orð hennar og æði. Brennandi áhugi á litríku lifandi máli, smitar út frá sér, hvort heldur hún brýnir okkur í ræktun íslenskunnar eða talar á erlendri grund. Vigdís hefur á starfsferli sínum gert sér grein fyrir mikilvægi þessara þátta allra, beitt sér fyrir þeim, hamrað á þeim. En almennur skilningur, a.m.k. á sumum þeirra, hefur verið heldur sveiflukenndur. Nú fáum við að staðfesta, af okkar hálfu, ásamt öðrum, hve mikils virði við teljum þessi gildi og þennan málflutning og þessa einurð og jafnframt áréttnum við hve mikilvægt veganesti þetta er, og ekki aðeins í barnaskóla sem samsvarar þeim sem Vigdís vísaði til, heldur í öllu skólastarfi, í allri kennaramenntun, á Menntavísindasviði, í Háskóla Íslands — öllum, — raunar ómetanlegt veganesti fyrir þjóðfélagið allt.

Lokaorð.+